



## Skipulags-, byggingar-, og veitunefnd (SBV) Þriðjudaginn, 29. janúar 2008

Fundur er haldinn í skipulags-, byggingar- og veitunefnd Blönduósbæjar þriðjudaginn 29. janúar, 2008, kl. 17:15 að Hnjúkabyggð 33, dómsal.

Þórður Pálsson formaður setti fundinn og stjórnaði honum. Þórður Pálsson ritaði fundargerð. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

### Dagskrá og afgreiðslur:

#### Dagskráliður 1.

Fyrirspurn: Hjörleifur Júlíusson spyr hvort hann geti fengið lóðina Ægisbraut (10) undir iðnaðarhús.

**Afgreiðsla:** Erindinu er hafnað þar sem ekki liggja fyrir skilgreiningar fyrir notkun lóðarinnar.

#### Dagskráliður 2.

Harmonikkunnendur Húnavatnssýslu (Þórir Jóhannson) óska eftir leyfi til að breyta inngangi í húsnæði sitt að Þverbraut 1, Blönduósi samkvæmt meðfylgjandi teikningu.

**Afgreiðsla:** Umsóknin er samþykkt.

#### Dagskráliður 3.

Fyrirspurn: Einar Þorláksson Árbraut 1 óskar eftir leyfi til að stækka bílskúr hússins að Árbraut 1, Blönduósi, um helming að lóðamörkum.

**Afgreiðsla:** Bygginganefnd tekur jákvætt í erindið. Leggja þarf fram teikningu og samþykki nágranna.

#### Dagskráliður 4.

Fyrirspurn: Auðunn Steinn Sigurðsson spyr hvort ekki sé hægt að setja götulýsingu á Holtabraut / Sunnubraut vegna mikillar slyshættu.

**Afgreiðsla:** Bygginganefnd mælir með erindinu og vísar því til bæjarstjórnar.

#### Dagskráliður 5.

Erlendur Magnússon sendir inn fyrirspurn um leyfi til að byggja vinnustofu, bílskúr og fuglaskoðunarhús á lóð sinni að Brimslóð 8, Blönduósi. Þá er óskað eftir leyfi fyrir útihöggmyndum á sömu lóð.

**Afgreiðsla:** Erindinu er hafnað þar sem það samræmis ekki deiliskipulagi gamlabæjarins á Blönduósi frá febrúar 1998.

#### Dagskráliður 6.

Samkaup óskar eftir að fá að setja upp skilti á gatnamótum Húnabrautar og Norðurlandsvegur.

**Afgreiðsla:** Erindið er samþykkt til eins árs í samráði við byggingafulltrúa. Bent er á að gert er ráð fyrir skiltatorgi á horni Húnabrautar og Melabrautar.

#### Dagskráliður 7.

Krákur ehf. sækir um lóðina Smárabraut 14 til 16 undir parhús. Húsið verður sömu gerðar og húsið á lóðinni Smárabraut 10 til 12.

**Afgreiðsla:** Bygginganefnd tekur jákvætt í erindið en bendir á að byggingarhæfar lóðir eru tilbúnar við Sunnubraut. Umsókninni er vísað til bæjarráðs.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:23.

*F.h. byggingafulltrúa, Stefán Árnason (sign.)*

*Þórður Pálsson (sign.)*

*Þórður Pálsson (sign.)*

*Sigurður Jóhannesson (sign.)*

*Ágúst Þór Bragason (sign.)*

*Andrés Leifsson, slökkviliðsstjóri*